

svo vanreifað, að ekki verði hjá komizt að vísa því frá dómi, bæði aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Í greinargerð sinni hafði lögmaður gagnstefnanda, Jóhann Steinason hdl., eftirtalin ummæli: „Þótt kaupsamningurinn sé saminn af refshug“ og „þau bera ekki með sér iðrunarmerki, þvert á móti sýna þau forstokkað hugarfar“.

Af hálfu aðalstefnanda er krafizt ómerkingar þessara ummæla, og þykir rétt að taka þá kröfu til greina.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Máli þessu, bæði aðalsök og gagnsök, er vísað frá dómi.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Miðvikudaginn 4. marz 1959.

Nr. 130/1958. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Ragnari Jónsyni (Geir Hallgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum.

Dómur Hæstaréttar.

Lagaboð þau, er í ákæruskjali greinir, verða eigi örugglega skýrð á þann veg, að refsiverður sé fólksflutningur sá án endurgjalds, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951, að ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta og ríkissjóður $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur utan réttar aflað um tiltekin atriði munnlegra skýrslna, er eigi hafa verið staðfestar fyrir dómi.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ragnar Jónsson, greiði $\frac{1}{3}$ hluta og ríkissjóður $\frac{2}{3}$ hluta áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Geirs Hallgrímssonar, kr. 3.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1958.

Ár 1958, mánudaginn 9. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Ragnari Jónssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað gegn Ragnari Jónssyni framkvæmdastjóra, til heimilis í Vík í Mýrdal. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 21. janúar sl., ákærður fyrir „að hafa sumarið 1957 á vegum nefnds verzlunarfélags (þ. e. Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga) haft með höndum fólksflutninga á leiðinni milli Víkur í Mýrdal og Reykjavíkur með bifreiðinni Z-7, sem er vöru-bifreið með farþegarúmi fyrir 12 farþega, án þess að hafa sérleyfi til slíkra fólksflutninga, svo og fyrir að hafa látið taka fargjald af farþegum, sem ekið var stuttan spöl á greindri leið. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, svo og við 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 82/1956, um sama efni.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 24. ágúst 1915 á Bjóluhjáleigu í Djúpárhreppi. Hinn 14. maí 1941 hlaut hann 100,00 kr. sekt fyrir brot

á 108. gr. almennra hegningarlaga. Um aðrar kærur eða refsingar er eigi kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Síðla árs 1950 var stofnað verzlunarfyrirtæki í Vík í Mýrdal, er hlaut nafnið Verzlunarfélag Vestur-Skaftfellinga. Félagið tók til starfa 1. janúar 1951. Framkvæmdastjóri félagsins frá öndverðu hefur verið ákærði. Félag þetta er samvinnufélag.

Árið 1952 fékk félagið ásamt Brandi nokkrum Stefánssyni, Vík í Mýrdal, og Kaupfélagi Skaftfellinga, sama stað, sérleyfi til að halda uppi farþegaflutningum á leiðinni Vík—Reykjavík. Gildistíminn var lögum samkvæmt fimm ár. Árið 1955 keypti Verzlunarfélag Vestur-Skaftfellinga nýjan bíl. Var bíll þessi með vörupalli og stýrishúsi, er rúmaði þrjá menn. Bíll þessi ber skrásetningarnúmerið Z-7. Árið 1956 var ákveðið að byggja yfir bílinn Z-7 farþegarými fyrir 12 menn. Var ætlunin að nota bílinn á sérleyfisleiðinni Vík—Reykjavík, en eins og fyrr getur, hafði félagið sérleyfi á þessari leið að hluta. Bjóst félagið við, að það nyti áfram sérleyfisins, en sérleyfistíminn rann út í febrúarlok 1957. Félagið sótti í tæka tíð um að fá leyfi til áframhaldandi fólksflutninga á sérleyfisleiðinni. Skipulagsnefnd fólksflutninga mælti einróma með umsókn Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga, en leikar fóru hins vegar þannig, að veitingarvaldið veitti Kaupfélagi Skaftfellinga sérleyfið frá 1. marz 1957, og situr kaupfélagið eitt að því.

Í maímánuði 1957 var bíllinn Z-7 tekinn í notkun eftir breyting þá, sem að framan greinir. Var bíllinn m. a. notaður til vöruflutninga á leiðinni Vík—Reykjavík. Forráðamönnum félagsins varð strax ljóst, að bíllinn hentaði ekki til vöruflutninga einvörðungu á leiðinni Vík—Reykjavík, eftir að breytingin var gerð á honum, og þar sem félagið fékk ekki sérleyfi til frekari fólksflutninga á þessari leið, var ákveðið að selja bílinn, ef leyfi fengist fyrir nýjum vöruflutningabíl. Sótt var tvívegis um leyfi fyrir nýjum bíl, en bæði skiptin var sett syn fyrir leyfi.

Reykjavíkurferðum bílsins var yfirleitt þannig hagað í fyrra sumar, að bílnum var ekið til Reykjavíkur á mánudögum. Til baka til Víkur var ekið á þriðjudögum. Enn var ekið til Reykjavíkur á fimmtudögum og til Víkur á föstudögum. Er leið að hausti, strjáluðust ferðir bílsins mjög. Brottfarartími bílsins frá Vík og Reykjavík var nokkuð á reiki, sérstaklega frá Reykjavík. Þar réð það brottfarartíma, hversu vel gekk með erindisrekstur ökumanns. Brottfararstaður í Reykjavík var óákveðinn. Ferðir bíls-

ins voru aldrei auglýstar. Á leiðinni milli Reykjavíkur og Víkur voru oft og einatt farþegar með bílnum. Að áliti sérleyfishafans á leiðinni, Kaupfélags Skaftfellinga, voru mikil brögð að þessum farþegaflutningum með Z-7. Sérleyfishafinn kvartaði því til umferðarmálaskrifstofu póstmálastjórnarinnar, er eftirlit hefur með sérleyfisakstri. Eftirlitsmaður umferðarmálaskrifstofunnar framkvæmdi athuganir á farþega fjölda í Z-7 í júlímánuði og gaf skýrslu um þessar athuganir sínar.

Leiddi það til máls þess, er hér er til úrlausnar.

Eftirlitsmaðurinn framkvæmdi tvívegis athuganir á farþegum með Z-7. Fyrri sinnið stöðvaði eftirlitsmaðurinn bílinn skammt frá Selfossi. Var það um kl. 13.30 mánudaginn 29. júlí 1957. Bíllinn var að koma frá Vík. Farþegar voru þrír fullorðnir og eitt barn innan átta ára aldurs. Farþegarnir sögðu eftirlitsmanninum, að þeir fengju ókeypis far. Síðara sinnið stöðvaði eftirlitsmaðurinn bílinn kl. 15.15 hinn 30. júlí 1957 í Kömbum. Bíllinn var á leið til Víkur. Farþegar voru tveir fullorðnir og þrjú börn. Eftirlitsmaðurinn hafði það eftir farþegum þessum, að þeim hefði verið boðið ókeypis far á milli Reykjavíkur og Víkur.

Samkvæmt upplýsingum frá ákærða mun hann hafa ritað hjá sér nöfn 40 til 50 manna, er ferðuðust með Z-7 árið 1957 leiðina Vík—Reykjavík. Allir voru farþegar þessir félagsmenn Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga, venzlafólk þeirra, ættingjar eða kunningjar. Ákærði staðhæfði, að ekki hefði verið tekið gjald af farþegum þessum. Ákærði eftirlét það aðalfundi félagsins að taka ákvörðun um, hvort gjald skyldi tekið eða ekki. Aðalfundur Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga stendur yfir þessa dagana. Hefur dómurinn aflað sér upplýsinga um, að það hafi verið samþykkt einróma á fundi félagsins 7. júní sl., að gjald skyldi eigi tekið af þeim, sem ferðast hafa með Z-7 eða munu gera það.

Yfirheyrðir voru 13 menn, er ferðast höfðu með Z-7 árið 1957. Öllum bar vitnum þessum saman um, að þau hefðu eigi greitt fargjöld, enda ekki verið krafín um það. Ökumenn Z-7 árið 1957 voru bræður tveir, Bjarni Guðmann og Runólfur Sæmundssynir. Þeir skýrðu frá því, að gjald hefði ekki verið tekið af farþegum, er ferðuðust leiðina Vík—Reykjavík.

Kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skaftfellinga, Oddur Sigurbergsson, skýrði frá því fyrir dómnum, að oft og einatt hefði hvert sæti verið skipað í Z-7 til Reykjavíkur. Taldi kaupfélagsstjórinn, að sérleyfishafinn á leiðinni Reykjavík—Vík, Kaupfélag Skaftfellinga, hefði misst spón úr aski sínum með þessum hætti. Velkt-

ist kaupfélagsstjórinn ekki í vafa um, að farþegarnir hefðu greitt fargjald, flestir hverjir. Hins vegar gat hann ekki rennt neinum stoðum undir þessa fullyrðingu sína, því að ekki gat hann nefnt nokkurn þann, er líklegur væri til að vilja greina frá því fyrir dómi, að hann hefði greitt fargjald.

Ákærði og fyrrnefndir ökumenn Z-7 skýrðu frá því, að það hefði borið við, að tekið hefði verið gjald af mönnum, sem teknir hefðu verið upp í Z-7 á förnum vegi og ekið stutta speli. Upphæð gjalds, sem þannig var tekið af mönnum, er nú hefur verið lýst, var miðað við lengd leiðarinnar, sem farþeginn ók með bílnum, með hliðsjón af fargjaldi með leiðarvagni á allri leiðinni Reykjavík—Vík. Ákærði og ökumenn Z-7 voru sammála um, að lítið hefði kveðið að þessum flutningum á fólki, er fékk þannig að sitja í bílnum spölkorn. Peningarnir, sem komu inn fyrir þetta, voru afhentir ákærða með öðrum peningum, sem ökumenn innheimtu fyrir flutning á böggjum, og voru því eigi aðgreindir.

Engin afgreiðsla var fyrir Z-7 í Reykjavík. Það upplýstist við rannsókn málsins, að ákærði hefði að vísu hreyft því vorið 1957 við skipaafgreiðslu Jes Zimsens í Reykjavík, að það fyrirtæki tæki að sér afgreiðslu fyrir bílinn Z-7, bæði vöru- og farþegaafgreiðslu. Fyrirtækið aftók með öllu að hafa á hendi vöruafgreiðslu fyrir bílinn. Það talaðist svo til milli ákærða og forstjóra skipaafgreiðslunnar, að nánar yrði rætt um fyrirkomulag farþegaafgreiðslunnar síðar, en ekkert varð úr því, þar eð ákærði gerðist því afhuga, er skipaafgreiðslan vildi ekki jafnframt taka að sér vöruafgreiðsluna. Það vakti fyrir ákærða með farþegaafgreiðslunni, að skipaafgreiðslan veitti fyrst og fremst félagsmönnum Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga upplýsingar um ferðir Z-7.

Rétt þykir að geta þess, að árið 1956 voru afgreiddir 6400 farmiðar til sérleyfisleiðarinnar Reykjavík—Vík—Kirkjubæjarklaustur, en frá 1. janúar til 10. desember 1957 var farþega fjöldinn á þessari leið 6750. Ferðaáætlunin á sérleyfisleiðinni Vík—Reykjavík gerði ráð fyrir þremur ferðum á viku hverri árið 1957 nema mánuðina júlí-ágúst. Þá voru farnar sex ferðir í viku. Fargjald á leiðinni var kr. 97,00.

Svo sem ljóst er af framanskráðri atvikalýsingu, er það sannað með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að fólksflutningum hefur verið haldið uppi með bílnum Z-7 sumarið 1957 á leiðinni Reykjavík—Vík. Ósannað er með öllu, að farþegar hafi greitt fargjald, enda nær ákæran ekki til þess. Enn fremur er sannað með eigin játningu ákærða og framburð-

um ökumanna Z-7, að gjald hafi í nokkrum tilvikum verið tekið af farþegum, sem ferðuðust sumarið 1957 í Z-7 stutta speli á leiðinni Vík—Reykjavík.

Þessar tvær staðreyndir, er nú hafa verið nefndar, eru úrlausnarefnið samkvæmt ákæruskjalinu.

Í 1. mgr. 1. gr. 1. nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, segir: „Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni.“ Þótt orðalag þetta sé ef til vill ekki sem ljósast, ber þó að skilja það þannig, að með orðunum: að hafa á hendi fólksflutninga — sé átt við að hafa á hendi fólksflutninga í *atvinnuskyni*. Sést þetta m. a. af umræðunum, sem áttu sér stað á Alþingi um frumvarpið að fyrstu lögunum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, 1. nr. 62/1935, en 1. másl. 1. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. másl. 1. gr. gildandi laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nema í stað orðanna: 6 farþega — eru nú komin orðin: átta farþega. Þessi skilningur fær og stoð í ýmsum öðrum ákvæðum 1. nr. 42/1956. Í 1. mgr. 1. gr. laganna er t. d. talað um að *selja einstök sæti*. Í 6. gr. er talað um *sérleyfisgjald af andvirði afhentra miða*. Sama verður uppi á teningnum, er reglugerð nr. 82/1956, um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum, er athuguð. Auk þeirra dæma, sem að ofan greinir og einnig er talað um í reglugerðinni, er t. d. minnzt á *fargjöld* í 4. gr., *farseðla* í 12. gr. o. s. frv. Það er því skilyrði fyrir því, að 1. másl. 1. gr. 1. nr. 42/1956 verði beitt, að það sannist, að fargjald hafi verið greitt. Nú er það ósannað, að Verzlunarfélag Vestur-Skaftfellinga hafi tekið gjöld af þeim, sem ferðuðust alla leiðina Vík—Reykjavík. Ber því að sýkna ákærða af þeim lið ákærunnar, er að þessu lýtur.

Hins vegar er sannað, svo sem að framan getur, að fargjald var endrum og sinnum tekið, er farþegum var ekið kafla úr leiðinni milli Víkur og Reykjavíkur, án þess að ákærði hefði sérleyfi til þess. Með þessu hefur ákærði sem forstöðumaður Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga brotið gegn 1. mgr. 1. gr. 1. nr. 42/1956 og 1. mgr. 1. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 82/1956.

Samkvæmt 9. gr. 1. nr. 42/1956 og 22. gr. reglugerðar nr. 82/1956 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem lýktir máls þessa urðu þær, að ákærði var sýknaður

af aðalþætti ákærunnar, og með skírskotun til 2. mgr. 141. gr. l. nr. 27/1951 þykir rétt að ákveða, að ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta sakarkostnaðar, en $\frac{2}{3}$ hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Geirs Hallgrímssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000,00. Um greiðslu þeirra fer með sama hætti og um greiðslu annars sakarkostnaðar, eins og að framan greinir.

Dóm þenna kvað upp Guðm. Ingvi Sigurðsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, út gefinni 24. október 1957, en hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu, úrskurðaði sig frá máli þessu 2. október 1957.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Jónsson, greiði kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Geirs Hallgrímssonar hrl., að upphæð kr. 3.000,00, greiðir ákærði að $\frac{1}{3}$ hluta, en $\frac{2}{3}$ hlutar greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 160/1958. **Hreiðar Jónsson** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

húsatrygginga bæjarins (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m.

Í héraði krafðist áfrýjandi þess, að stefnda yrði dæmt skylt að greiða honum að fullu andvirði hússins Snælands í Blesugróf, er brann hinn 9. desember 1956. Þar sem fjár-